# Lögbirtingablað

Gefið út samkvæmt lögum nr. 15 10. mars 2005

**Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.**
**Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.**
**Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is**
**Veffang: http://lagabirting.is**
**ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)**
**ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)**
**Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.**

**Nr. 41 98. ár** **Föstudaginn 29. apríl 2005**


## Stefnur

**Íslandsbanki hf.,**
**kt. 550500-3530,**
**Kirkjusandi, Reykjavík,**
**v/útibús nr. 537,**
**Þarabakka 3, Reykjavík**

gerir kunnugt: Að bankinn þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur:

Birni Bender, kt. 280878-6189, óstaðsettur í hús, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 113.279 með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. desember 2004 til greiðsludags.

Krafist er málskostnaðar samkvæmt mati dómsins eða framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti, sem áskilinn er réttur til að leggja fram við þingfestingu og/eða á síðari stigum málsins.

*Málflutningsumboð:* Ólafur Eiríksson hdl. rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Málsástæður og önnur atvik:* Skuldin er skv. skuldabréfi nr. 966764 útg. 19. ágúst 2004, upphaflega að fjárhæð kr. 136.062. Útgefandi er stefndi Björn Kafka Bender. Skuldabréfið skyldi greiðast með 12 afborgunum einu sinni í mánuði í fyrsta sinn þann 1. október 2004. Skuldabréfið skyldi bera kjörvexti sem skyldu vera 9,20%. Vextir skyldu reiknast frá kaupdegi.

Afborgun þann 1. desember 2004, var ekki greidd, og féll því öll skuldin í gjalddaga. Stóð skuldin, með áföllnum vöxtum, banka og vanskilakostnaði, í kr. 113.279 sem er stefnufjárhæðin. Dráttarvaxta er krafist frá gjalddaga kröfunnar skv. III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði þar sem stefndi er óstaðsettur í hús og óvíst um dvalarstað hans, sbr. dómskjal nr. 7.

Innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur og málshöfðun því nauðsynleg.

*Tilvísun til helstu lagaákvæða:* Stefnandi höfðar mál þetta skv. 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefnandi vísar til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og almennra reglna fjármunaréttarins um ábyrgð á fjárskuldbindingum.

Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði sbr. a lið 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Kröfur um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur, því ber honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

## Tilkynning

*Nr. 4/2005*

### um dráttarvexti og vexti af peningakröfum

Fyrsti kafli hér að neðan um dráttarvexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, og gilda dráttarvextir sem þar eru sýndir í sex mánuði í senn frá 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Annar kafli um almenna vexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 4. og 8. gr. sömu laga og þriðji kafli samkvæmt bráðabirgðaákvæði III í sömu lögum og gilda vextir samkvæmt II. og III. kafla næsta almanaksmánuðinn eða uns næsta tilkynning birtist.

Vextir sem breytast eru merktir með stjörnu (*). Innan sviga eru sýndir vextir fyrir breytingu.

| | | Vextir alls á ári f.o.m. 1. maí 2005 |
|---|---|---|
| **I. Dráttarvextir af peningakröfum í krónum** | | |
| 1. | Grunnur dráttarvaxta[1)] | 8,25% |
| 2. | Vanefndaálag[2)] | 11,75% |
| 3. | Dráttarvextir[3)] | 20,0% |
| **II. Almennir vextir** | | |
| 1. | Vextir óverðtryggðra lána skv. 4. gr.[4)] | 11,0% * (10,5%) |
| 2. | Vextir verðtryggðra lána skv. 4. gr.[4)] | 4,15% |
| 3. | Vextir af skaðabótakröfum[5)] | 7,3% * (7,0%) |
| **III. Dráttarvextir af peningakröfum í erlendri mynt[6)]** | | |
| 1. | Bandaríkjadollurum | 6,0% |
| 2. | Sterlingspundum | 8,0% |
| 3. | Dönskum krónum | 5,5% |
| 4. | Norskum krónum | 5,5% |
| 5. | Sænskum krónum | 5,5% |
| 6. | Svissneskum frönkum | 5,0% |
| 7. | Japönskum jenum | 5,0% |
| 8. | Evrum[7)] | 5,5% |

1) Grunnur dráttarvaxta eru gildandi vextir algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana, nú ávöxtun í endurhverfum verðbréfakaupum Seðlabankans.
2) Vanefndaálag er ellefu hundraðshlutar, nema um annað sé samið skv. 2. mgr. 6. gr. laganna. Seðlabankanum er þó heimilt að ákveða annað vanefndaálag að lágmarki sjö hundraðshlutar og að hámarki fimmtán hundraðshlutar.
3) Dráttarvextir eru samtala grunns dráttarvaxta og vanefndaálags. Seðlabankinn skal birta dráttarvexti eigi skemur en viku fyrir gildistökudaga dráttarvaxta sem eru 1. janúar og 1. júlí ár hvert.
4) Almenna vexti sbr. 3. gr. laganna skal því aðeins greiða af peningakröfu að það leiði af samningi, venju eða lögum. Þegar hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin, skulu vextir vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna. Þar sem um verðtryggða kröfu er að ræða skulu vextir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna.
Í bráðabirgðaákvæði I í lögum nr. 38/2001 segir: „Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, meðalútlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða eða meðalútlánsvexti sem Seðlabanki Íslands birtir, eða vísað er með öðrum almennum hætti til vaxta á markaði, og skulu þá vextir af þessum peningakröfum, eftir gildistöku laganna, vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 2,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.
Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við hæstu lögleyfðu vexti á hverjum tíma, hæstu vexti á markaðnum eða vísað er með öðrum almennum hætti til hæstu vaxta á markaði og skulu þá vextir af þessum peningakröfum eftir gildistöku laganna vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 4,5%, þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.“
5) Vextir af kröfum um skaðabætur, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna skulu á hverjum tíma vera jafnháir tveimur þriðju hlutum vaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. málslið 4. gr. laganna.
6) Í bráðabirgðaákvæði III í lögum nr. 38/2001 segir: „Nú segir í lánssamningi í erlendum gjaldmiðli, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að við vanskil reiknist hæstu lögleyfðu dráttarvextir eins og þeir eru á hverjum tíma, dráttarvextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands eða dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, eða vísað er með öðrum hætti til dráttarvaxta sem Seðlabankinn ákvað skv. 11. gr. laga nr. 25/1987, og skulu þá dráttarvextir þessir vera ákvarðaðir með sama hætti næstu fimm árin eftir gildistöku laga þessara, en að þeim tíma loknum skulu þeir vera jafnháir þeim dráttarvöxtum í hlutaðeigandi gjaldmiðli sem síðast voru auglýstir af Seðlabankanum í Lögbirtingablaði fimm árum eftir gildistöku laganna.“
7) Sömu vextir gilda af peningakröfum í myntum aðildarlanda myntbandalags Evrópu (EMU) og í evrum.

Um leið og tilkynning þessi öðlast gildi 1. maí 2005, fellur úr gildi tilkynning nr. 3/2005 dags. 22. mars 2005 um dráttarvexti og vexti af peningakröfum.

Reykjavík, 25. apríl 2005.
**Seðlabanki Íslands.**

3332)

# Auglýsing

## um breytingu á aðalskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024.

*Vesturhöfnin.*

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, 2001 – 2024, vegna Vesturhafnar, hafnarsvæði.

Tillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að reka verslanir og þjónustu sem ekki falla undir hafnsækna starfsemi á stærri hluta hafnarsvæðisins sem liggur næst aðliggjandi íbúðasvæði og er í nágrenni við miðborgarsvæðið. Með þessari breytingu er um að ræða breytingu á landnotkun á lóðunum nr. 13, 15, 17, 19, 21, 23, 25-27, 43, 45, 47 og 49-51 auk 12 og 14 við Fiskislóð. Á lóðum við Hólmaslóð nr. 2, 4 og 6, Eyjaslóð 1, 3, 5, 7, 9 og 11 er gert ráð fyrir léttum iðnaði sem ekki hefur í för með sér mengun, verkstæðum, vinnustofum, umboðs- og heildverslunum, skrifstofum og þjónustu.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8.20 – 16.15, frá 29. apríl til og með 10. júní 2005. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við hana skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulagsfulltrúa, merkt viðkomandi svæði og undirritað skilmerkilega, eigi síðar en 10. júní 2005.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

**Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,**
20. apríl 2005.

3289)

---

# Auglýsing

## um breytingu á deiliskipulagi í Hlíðarbyggð í Garðabæ

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar og með vísan til 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með auglýst tillaga að breytingum á deiliskipulagi við Hlíðarbyggð í Garðabæ þar sem lagt er til að heimilað verði að reisa viðbyggingar við húsin.

Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7 frá 29. apríl 2005 til og með 27. maí 2005. Athugasemdum við ofangreinda tillögu skal skila á bæjarskrifstofur Garðabæjar fyrir 11. júní 2005 og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Tillagan er jafnframt kynnt á heimasíðu Garðabæjar http://www.gardabaer.is.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast vera samþykkir tillögunum

3302) **Skipulagsfulltrúi Garðabæjar.**

---

# Auglýsing

## um skipulag í Kjósarhreppi

Með vísan til 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/ 1997 og samþykkta skiplagsnefndar Kjósarhrepps eru hér með auglýstar eftirfarandi tillögur að deiliskipulögum í Kjósarhreppi.

*Tillaga að deiliskipulagi íbúðarhúsalóðar í landi Hækingsdals.*

Lóðin er til að byggja íbúðarhús í landi Hækingsdals í Kjós. Lóðin mun heita Hækingsdalur 2, hún er 2500 m$^2$ og er byggingarreiturinn staðsettur 27 m frá núverandi íbúðarhúsi í Hækingsdal.

*Tillaga að deiliskipulagi íbúðarhúsalóðar í landi Kiðafells.*

Lóðin er til að byggja íbúðarhús í landi Kiðafells í Kjós. Lóðin mun heita Kiðafell 3, hún er 7198 m$^2$ og er staðsett við gamla þjóðveginn um Kiðafell.

*Tillaga að deiliskipulagi gámasvæðis og reiðvallar í landi Meðalfells.*

Deiliskipulagssvæðið er í landi Meðalfells í Kjós og er stærð þess u.þ.b. 13800 m$^2$. Svæðinu er skipt í tvo hluta, annars vegar fyrir móttöku og flokkun á sorpi og hins vegar fyrir reiðvöll. Aðkoman að svæðinu er frá vegi 461.

*Tillaga að deiliskipulagi frístundarbyggðar í landi Háls.*

Tillagan gerir ráð fyrir 34.4 ha svæði, á svæðinu er gert ráð fyrir 69 frístundarhúsalóðum. Lóðirnar eru staðsettar að norðanverðu við Hvalfjarðarstrandarveg nr. 47.

Tillögurnar eru til sýnis á skrifstofu Kjósarhrepps Félagsgarði frá 2. maí til og með 30. maí 2005.

Skipulags og byggingarfulltrúi Kjósarhrepps,
**Ólafur I. Halldórsson.**

3329)

---

*Sönnunargögn:* Stefnandi mun við þingfestingu málsins leggja fram auk stefnu þessarar:

1. Skrá.
2. Frumrit skuldabréfs nr. 966764, dags. 19. ágúst 2004.
3. Greiðsluseðil skuldabréfs.
4. Innheimtubréf lögmanns dags. 23. mars 2005.
5. Eintak Lögbirtingablaðs með stefnubirtingunni.
6. Staðfesting Hagstofu Íslands um að stefndi sé skráður óstaðsettur í hús.
7. Málskostnaðarreikning.

*Áskilnaður:* Áskilinn er réttur til framlagningar frekari gagna til rökstuðnings kröfu stefnanda, á síðari stigum málsins, auk reifunar frekari málsástæðna og útlistunar kröfunni.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér: Birni Bender, kt. 280878-6189, til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dómsal 102, í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 2. júní 2005, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð á sókn sakar og dómkröfur að hlýða til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu.

Útivist getur leitt til þess að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Hafnarfirði, 20. apríl 2005.
F.h. stefnanda,
**Ólafur Eiríksson,** hdl.

(3318

**Íslandsbanki hf.,**
**kt. 550500-3530,**
**Kirkjusandi, Reykjavík,**
**v/útibús nr. 537,**
**Þarabakka 3, Reykjavík**

gerir kunnugt: Að bankinn þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur:

Birni Bender, kt. 280878-6189, óstaðsettur í hús.

*Málflutningsumboð:* Ólafur Eiríksson hdl. rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndi Björn Bender, verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 47.089 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 frá 2. mars 2005 til greiðsludags.

Krafist er málskostnaðar samkvæmt mati dómsins eða framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti, sem áskilinn er réttur til að leggja fram við þingfestingu og/eða á síðari stigum málsins.

*Málsatvik og málsástæður:* Krafa stefnanda er byggð á skuld sbr. dómskjal nr. 3 með gjalddaga 2. mars 2005 að fjárhæð kr. 47.089 vegna Visa greiðslukorts stefnda nr. 4741-5200-0012-4548.

Ofangreind skuld hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði þar sem stefndi er óstaðsettur í hús og óvíst um dvalarstað hans, sbr. dómskjal nr. 6.

*Tilvísun til helstu lagaákvæða:* Stefnandi vísar til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og almennra reglna fjármunaréttarins um ábyrgð á fjárskuldbindingum.

Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði sbr. a lið 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Kröfur um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur, því ber honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

*Sönnunargögn:* Stefnandi mun við þingfestingu málsins leggja fram auk stefnu þessarar:

1. Skrá.
2. Útprentun á stöðu skuldar vegna Visa greiðslukorts nr. 4741-5200-0012-4548.
3. Innheimtubréf lögmanns dags. 18. mars 2005.
4. Eintak Lögbirtingablaðs með stefnubirtingunni.
5. Staðfesting Hagstofu Íslands um að stefndi sé skráður óstaðsettur í hús.
6. Málskostnaðarreikning.

*Áskilnaður:* Áskilinn er réttur til framlagningar frekari gagna til rökstuðnings kröfu stefnanda, á síðari stigum málsins, auk reifunar frekari málsástæðna og útlistunar kröfunni.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér: Birni Bender, kt. 280878-6189, til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dómsal 102, í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 2. júní 2005, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð á sókn sakar dómkröfur að hlýða til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu.

Útivist getur leitt til þess að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Hafnarfirði, 20. apríl 2005.
F.h. stefnanda,
**Ólafur Eiríksson,** hdl.

(3319

**Íslandsbanki hf.,**
**kt. 550500-3530,**
**Kirkjusandi, Reykjavík,**
**v/útibús nr. 537,**
**Þarabakka 3, Reykjavík**

gerir kunnugt: Að bankinn þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur:

Birni Bender, kt. 280878-6189, óstaðsettum í hús, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 61.407 með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 10. janúar 2005 til greiðsludags.

Krafist er málskostnaðar samkvæmt mati dómsins eða framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti, sem áskilinn er réttur til að leggja fram við þingfestingu og/eða á síðari stigum málsins.

*Málflutningsumboð:* Ólafur Eiríksson hdl. rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Málsástæður og önnur atvik:* Skuldin er skv. reikningsyfirliti tékkareiknings stefnda Björns Bender, nr. 0537-26-560613 í Íslandsbanka hf., Þarabakka, en skuldastaða reikningsins var þann 10. janúar 2005, kr. 61.407 sem er stefnufjárhæð málsins. Dráttarvaxta er krafist frá gjalddaga kröfunnar skv. III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði þar sem stefndi er óstaðsettur í hús og óvíst um dvalarstað hans, sbr. dómskjal nr. 6.

Innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur og málshöfðun því nauðsynleg.

*Tilvísun til helstu lagaákvæða:* Stefnandi vísar til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og almennra reglna fjármunaréttarins um ábyrgð á fjárskuldbindingum.

Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði sbr. a lið 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Kröfur um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur, því ber honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

*Sönnunargögn:* Stefnandi mun við þingfestingu málsins leggja fram auk stefnu þessarar:

1. Skrá.
2. Yfirlit tékkareiknings.
3. Innheimtubréf lögmanns dags. 14. mars 2005.
4. Eintak Lögbirtingablaðs með stefnubirtingunni.
5. Staðfesting Hagstofu Íslands um að stefndi sé skráður óstaðsettur í hús.
6. Málskostnaðarreikning.

*Áskilnaður:* Áskilinn er réttur til framlagningar frekari gagna til rökstuðnings kröfu stefnanda, á síðari stigum málsins, auk reifunar frekari málsástæðna og útlistunar kröfunni.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér: Birni Bender, kt. 280878-6189, til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður verður í dómsal 102, í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 2. júní 2005, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð á sókn sakar og dómkröfur að hlýða til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu.

Útivist getur leitt til þess að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Hafnarfirði, 20. apríl 2005.
F.h. stefnanda,
**Ólafur Eiríksson,** hdl.

(3320

# Nauðungarsölur

## Vestmannaeyjar

Eftirtalin beiðni um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verður tekin fyrir á skrifstofu embættisins að Heiðarvegi 15, Vestmannaeyjum, fimmtudaginn 2. júní 2005 kl. 9.30, hafi hún ekki áður verið felld niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Búhamar 60, (218-3081), 50%, eignarhluti gerðarþola | Hafþór Theódórsson | Kaupþing Búnaðarbanki hf. | 7.960.461 |

Vestmannaeyjum, 20. apríl 2005.
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum,
**Karl Gauti Hjaltason,** sýslumaður.

3290)

# Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands, uppkveðnum 15. apríl 2005, voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúunum. Frestdagur við skiptin er tilgreindur við nafn búsins.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Ljósey ehf., kt. 450396-2149, Vesturbraut 2, 780 Höfn | 30. september 2004 | miðvikudaginn 17. ágúst 2005 kl. 14.00 |

(3287 a

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Skyndibitinn ehf., kt. 450202-2580, Hraunhóli 2, 781 Höfn | 22. september 2004 | miðvikudaginn 17. ágúst 2005 kl. 15.00 |

(3288 a

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu, eða eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Lagarási 4, 700 Egilsstöðum.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og taka ákvarðanir um málefni þrotabúsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lagarási 4, 700 Egilsstöðum, á ofangreindum tíma.

Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Egilsstöðum, 19. apríl 2005.
**Jón Jónsson** hdl.,
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 11. apríl 2005 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Þann 11. apríl 2005 var undirrituð skipaður skiptastjóri í búunum.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| FAK-rekstarvörur ehf., kt. 710701-2290, Bláhömrum 11, Reykjavík | 20. janúar 2005 | 15. júlí 2005 kl. 9.00 |

(3303 a

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Guðmundur Bergkvist Jónsson, kt. 300372-3259, Neshaga 19, Reykjavík | 21. janúar 2005 | 15. júlí 2005 kl. 9.15 |

(3304 a

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| H-kaup ehf., kt. 691289-1769, Framnesvegi 31a, Reykjavík | 20. janúar 2005 | 15. júlí 2005 kl. 9.30 |

(3305 a

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Íslandsfiskur ehf., kt. 531102-2310, Hólmaslóð 2, Reykjavík | 21. janúar 2005 | 15. júlí 2005 kl. 10.00 |

(3306 a

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Vinnuvélar og tæki ehf., kt. 500899-2129, Merkjateigi 4, Mosfellsbæ | 20. janúar 2005 | 15. júlí 2005 kl. 10.15 |

(3307 a

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra í Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

Skiptafundir til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verður haldnir á skrifstofu skiptastjóra í Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, á ofangreindum tímum. Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 14. apríl 2005,
**Helga Leifsdóttir,** hdl.

Stjórn neðangreinds hlutafélags skorar hér með á handhafa tilgreindra hlutabréfa í flokki almenns hlutafjár í félaginu, sem tilkynnt hafa verið glötuð, að gefa sig fram við stjórn félagsins á skrifstofu þess að Dugguvogi 4, Reykjavík, innan þriggja mánaða frá síðari birtingu áskorunar þessarar í Lögbirtingablaði.

Gefi enginn sig fram áður en sá frestur er liðinn falla öll réttindi samkvæmt tilgreindum hlutabréfum niður og stjórn félagsins mun gefa út ný bréf til skráðs eiganda bréfanna eða þess sem sannar að hann leiði rétt sinn frá þeim aðila.

Áskorun þessi byggist á ákvæðum greinar 2.10 í samþykktum félagsins.

| Nafn hlutafélags: | Hlutabréf nr. J 76, J 136 og J 200 gefin út á nafnið: |
|---|---|
| Slippfélagið í Reykjavík hf., kt. 600269-0549, Dugguvogi 4, Reykjavík | Ebba Paludan Möller |

Reykjavík, 20. apríl 2005.
F.h. stjórnar Slippfélagsins í Reykjavík hf.,
**Hilmir Hilmisson** framkvæmdastjóri.

(3330 a

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 5. apríl 2005, voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í nefndum þrotabúum.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Bónus Barinn ehf., kt. 420500-2110, Bræðraborgarstíg 1, 101 Reykjavík | 12. nóvember 2004 | fimmtudaginn 14. júlí 2005 kl. 14.00 (2568 b |
| Símon Barri Haralds, kt. 281067-3709, Krummahólum 4, 1c 111 Reykjavík | 8. júní 2004 | fimmtudaginn 14. júlí 2005 kl. 14.30 (2569 b |
| Jón Ingi Magnússon, kt. 090266-3309, Breiðuvík 4, 112 Reykjavík | 22. nóvember 2004 | fimmtudaginn 14. júlí 2005 kl. 15.00 (2570 b |
| Jón Geir Sigurbjörnsson, kt. 250472-4129 Seljavegi 33, 101 Reykjavík | 14. desember 2004 | fimmtudaginn 14. júlí 2005 kl. 15.30 (2571 b |
| B.B. Blóm ehf., kt. 431189-1009, Maríubakka 16, 109 Reykjavík | 27. maí 2004 | fimmtudaginn 14. júlí 2005 kl. 16.00 (2572 b |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til krafna á hendur búunum, eða muna í vörslum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skal senda skrifstofu Laga & réttar ehf., að Austurströnd 3, 170 Seltjarnarnesi.

Skiptafundir til að fjalla um skrár yfir lýstar kröfur og taka ákvarðanir um málefni þeirra verða haldnir á skrifstofu Laga & réttar ehf., að Austurströnd 3, Seltjarnarnesi, á ofangreindum tímum.

Kröfuskrár munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir skiptafundina.

Seltjarnarnesi, 7. apríl 2005.
**Sigurður Gizurarson** hrl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 5. apríl 2005, voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Undirritaður hæstaréttarlögmaður var skipaður skiptastjóri þrotabúanna á úrskurðardegi.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| A.M. verktakar ehf., kt. 650401-2980, Reykjavegi 54, 270 Mosfellsbæ | 19. janúar 2005 | mánudaginn 27. júní 2005 kl. 10.00 (2752 b |
| Völundarsmíð ehf., kt. 621297-6519, Bollagötu 14, 105 Reykjavík | 12. janúar 2005 | mánudaginn 27. júní 2005 kl. 10.30 (2753 b |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda í þrotabúunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Heiðmörk 59, 810 Hveragerði.

Skiptafundur sem fjallar um skrá um lýstar kröfur og eftir atvikum ráðstöfun á eignum og réttindum búanna, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Heiðmörk 59, 810 Hveragerði á ofangreindum tíma.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Hveragerði, 7. apríl 2005.
**Andrés Valdimarsson** hrl.,
skiptastjóri.

# Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 25. maí 2004, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum lauk 4. mars 2005 samkvæmt 160. gr. laga nr. 21/1991 með úthlutunargerð úr búinu eins og að neðan greinir:

| Nafn bús: | Samþykktar almennar kröfur kr.: |
|---|---|
| Hönnun - almannatengsl ehf., kt. 690499-3639 | 9.289.935 Upp í þær greiddust 317.608 eða 3,42% |

Hafnarfirði, 18. apríl 2005.
**Guðmundur Kristjánsson** hrl.

(3090

# Hlutafélagaskrá

## Samrunatilkynning

Hlutafélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 97. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög og 4. mgr. 122. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

*Yfirtökufélag:* Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hf., kt. 461296-2119, Borgartúni 27, 105 Reykjavík.

*Yfirtekið félag:* Sjóvík ehf., kt. 430796-2599, Hlíðasmára 12, 201 Kópavogi.

*Uppgjörsdagur:* 1. janúar 2005. Frá og með þeim degi tekur yfirtökufélagið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum yfirtekna félagsins sem telst þá reikningslega lokið.

Félagið mun bera nafn yfirtökufélagsins eftir samrunann og samþykktir þess með þeim breytingum, sem samrunanum fylgja, munu gilda um hið sameinaða félag.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundi/-stjórnarfundi þá, sem endanlega ákveða samruna og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku samrunaáætlunar, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 99. gr. laga nr. 138/1994 og 5. mgr. 124. gr. laga nr. 2/1995 lögð fram hluthöfum til skoðunar eða afhendingar á skrifstofu hvors samrunafélags fyrir sig.

Reykjavík, 22. apríl 2005.
**Ríkisskattstjóri,**
**hlutafélagaskrá.**

(3313

# Svipting fjárræðis

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands vestra uppkveðnum 7. apríl 2005 var Jónmundur Ólafsson, kt. 030534-3449, sviptur fjárræði.

*Leiðrétt auglýsing.*

Sauðárkróki, 22. apríl 2005.
**Halldór Halldórsson,**
dómstjóri.

(3328

**Lögbirtingablað,**
41. tölublað 2005.

Útgefandi fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins og ábyrgðarmaður.
**Eygló Halldórsdóttir**

Gutenberg